



Ársskýrsla Eitrunarmiðstöðvar 2010.

Starfsemi og starfsmenn

Eitrunarmiðstöðin starfar undir Bráðasviði LSH.

Aðalhlutverk er að sinna ráðgjöf um meðferð eitrana til almennings og heilbrigðisstarfsmanna og efla þekkingu á eitrunum og meðferð þeirra.

Eitrunarmiðstöðin hefur einn fastann starfsmann í 65% starfshlutfalli, forstöðumann sem er Guðborg Auður Guðjónsdóttir lyfja- og eiturefnafræðingur og klínískur lektor. Sérfræðingar í eitrunum og eiturefnafræði eru á bakvakt fyrir stöðina, þeir eru Jakob Kristinsson, prófessor í eiturefnafræði, Leifur Franzson, lyfjafræðingur og klínískur dósent og Guðborg.

Deildar- og aðstoðarlæknar bráðasviðs sjá um fyrstu svörun og ráðgjöf í eitrunarsímann sem er opinn fyrir alla, allan sólarhringinn.

Gunnhildur Á Gunnarsdóttir verkefnastjóri sinnti verkefnum fyrir EM á árinu, leysti af vegna veikinda og kom að gerð og framkvæmd könnunar meðal deildar- og aðstoðarlækna.

Yfirlit yfir fyrirspurnir árið 2010

Á árinu 2010 voru skráðar fyrirspurnir til Eitrunarmiðstöðvarinnar **656**. Þetta eru 11% færri skráningar en árið 2009.

Upplýsingar um fjölda símtala í eitrunarsímann frá símaþjónustunni voru um 2000 símtöl.

40 % fyrirspurna voru vegna lyfja, 56 % vegna annarra efna. Almennar fyrirspurnir voru 4 %.

333 fyrirspurnir bárust vegna barna 6 ára og yngri (50 % allra fyrirspurna).

Þegar ástæður eitrana eru skoðaðar kemur í ljós að langalgengast er að um óhapp sé að ræða eða í 468 tilfellum (71%).

Algengasta íkomuleið var inntaka eða 513 tilfelli (78%).

Yngsti sjúklingur var 2 vikna og elsti 89 ára.

Lyfið sem oftast var spurt um var parasetamól og stærsti efnaflokkurinn sem kom við sögu var ertandi hreinsiefni.

Lyfjæitrun	258
Önnur efni	370
Almennar fyrirspurnir	27

Börn 6 ára og yngri	333
2 ára og yngri	240


Helstu ástæður eitrana

Óhapp	468
Sjálfsvígstilaun	41
Röng lyfjanotkun	37
Misnotkun	38
Vegna starfs	6


Helstu íkomuleiðir

Inntaka	513
Augu	37
Innöndun	29
Húð	30

Fyrirspurnir á mánuði, jan-des 2010



Fyrirspurnir á ári, 1995 - 2010



Fjöldi skráðra fyrirspurna - Vanskráning

Samkvæmt upplýsingum frá skiptiborði berast um það bil 2500 símtöl árlega í eitrunarsímann, gera má því ráð fyrir að vanskráning sé umtalsverð.

Á línuriti sem sýnir fjölda fyrirspurna á ári frá 1995 – 2010 má sjá talsverðar sveiflur í fjölda skráðra fyrirspurna. Á árunum 1998 – 2001 var skráningin í hámarki en þá var símaráðgjafarhópurinn skipaður hjúkrunarfræðingum sem fengu samfellda þjálfun.

Árið 2002 tóku deildarlæknar og aðstoðarlæknar slysa- og bráðasviðs við símaráðgjöfinni en miklar mannabreytingar einkenna þennan hóp og erfitt hefur verið að skipuleggja þjálfun og fræðslu.

Könnun á viðhorfi deildar- og aðstoðarlækna til símaráðgjafar EM

Skoðanakönnun var lögð fyrir hópinn sem annast fyrstu símsvörun þar sem greindir voru niður ýmsir þættir sem lúta að ráðgjöfinni og leitast við að fá fram hvernig vinnulagi þeirra er háttáð og viðhorf þeirra og álit á hvað mætti betur fara.

Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

- Starfsaldur er mjög lágur
- Kynningu á starfsemi EM og innleiðingu nýrra starfsmanna er ábótavant
- Skráningu er ábótavant
- Skráningarformið er í samræmi við það sem flestum finnst þægilegast
- Ekki er farið eftir verkferlum
- Bakvaktin er vannýtt
- Mjög líklega er of mörgum vísað að óþörfu á sjúkrahús
- Vinnuálag á símsvörunarhópnum við önnur störf á deildinni er mikið.
- Mikill meirihluti (93%) töldu eitrunarmiðstöðina mikilvæga

Ef rétt er að málum staðið ætti EM að minnka álag á bráðadeildum (SBD og BMB) en til þess þarf þó að gera ráð fyrir þessum þætti í starfseminni og gefa svigrúm til að hægt sé að sinna betur ráðgjöfinni (upb. 2500 símtöl á ári) sem ætti að lokum að skila sér í betri þjónustu við sjúklinga og fækka óþarfa komum eins og sýnt hefur verið fram á víða erlendis.

Ráðstefnur, fundir, námskeið, kennsla um eitranir sem sérfræðingar Eitrunarmiðstöðvar tóku þátt í 2010

Ráðstefnur og fundir

NAPC, Tallinn 8. - 10. september.

Fundur norrænna eitrunarmiðstöðva.

Leifur sótti fundinn og hélt tvö erindi: Current situation in Iceland Poison Centre og External and internal preparedness of Poisons Centres.

Vegna sparnaðar fór enginn á evrópufund samtaka eitrunarmiðstöðva og klínískra eitrunarsérfræðinga (EAPCCT) sem haldinn var í Bordeaux í Frakklandi.

Kennsla um eitranir

- Námskeið í bráðahjúkrun við HÍ.
- Námskeið í skurðstofuhjúkrun við HÍ
- Eiturefnafræði fyrir læknanema á 6. ári við HÍ
- Lyfjaceutrefnafræði fyrir lyfjafræðinema í HÍ
- Námsbraut í geisla - og lífeindafræði, Læknadeild, Heilbrigðisvísindadeild HÍ
- Verkleg kennsla læknanema á 4. ári á slysa- og bráðadeild.
- Námskeið fyrir meindýraeyða

Verkefni - Nefndir

Guðborg starfaði í nefnd um gerð viðbragðsáætlunar LSH vegna hópeitrunar.

Námskeið/Viðbótarmenntun/Nafnbætur

Birt erindi, bókakaflar, veggspjöld, greinar 2010